

Hulda Kristjánsdóttir

From: reidveganefnd@sleipnir.is
Sent: föstudagur, 27. október 2023 12:10
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Cc: stjorn@sleipnir.is
Subject: Fjármögnun reiðvega í Flóahreppi
Attachments: Beiðni um fjármögnun reiðvega í Flóahreppi.pdf

Sæl Hulda

Sendi hér inn erindi frá Reiðveganefnd Sleipnis vegna fjármögnunar á reiðvegum í Flóahreppi árið 2024, reikna með að það verði tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Afrit sent á formann Hestamannafélagsins Sleipnis kv Hrafnkell Guðnason

Til sveitarstjórnar Flóahrepps

27.10.2023

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Sleipnis legg ég hér fram beiðni til sveitarstjórnar Flóahrepps um fjármögnun á reiðvegum í sveitarfélaginu.

Flóahreppur hefur sett fjármagn í reiðvegagerð árlega og vil ég nota tækifærið og þakka sveitarsjórn innilega fyrir skilningin á mikilvægi þess.

Fjármagnið hefur nýst vel til reiðvegagerðar í sveitarfélaginu en þó einungis verið hluti þess fjár sem þurft hefur í reiðvegagerð innan Flóahrepps. Í kjölfar uppbyggingar á vegum eykst umferð og umferðarhraði svo þörfin á öflugri uppbyggingu reiðvega eykst, ekki síst útfrá öryggissjónarmiðum.

Mörkuð hefur verið sú stefna að reyna þar sem því er viðkomið að aðskilja sem mest reiðleiðir og bílaumferð, þetta hefur reynt vel og áfram verður haldið á þeirri braut þar sem það er hægt.

Að auki er framundan mikil þörf á viðhaldi á þeim vegum sem lagðir hafa verið og má þar nefna leiðina frá Gaulverjabæjarvegi að Villingaholstvegi í gegnum Sölvholt, Arnarstaði og Langstaði. Reiðvegur meðfram Gaulverjabæjarvegi þarfnast einnig lagfæringar vegna skemmda sem urðu á honum þegar vegur var byggður upp, viðhald og lagfæring meðfram Villingaholtsvegi og svo mætti lengi telja.

Til þess að mæta brýnustu þörf á framkvæmdum vegna reiðvega í Flóahreppi teljum við þörf á fjárframlagi frá Flóahreppi nú vera 2,5 milljónir. Það mun ásamt hluta þess fjármagns sem vonandi fæst í umsókn til Landssambands Hestamannafélaga nýtast í reiðvegagerð og viðhald reiðvega í Flóahreppi árið 2024.

Virðingarfyllst fyrir hönd Hestamannafélagsins Sleipnis,

Hrafnkell Guðnason

formaður reiðveganefndar Sleipnis